

FORVARNABÓKIN

um ávana- og vímuefni

Hafnarfjarðarkaupstaðu
co/ Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 HAFNARFIRÐI

**Endurskoðuð
og aukin útgáfa
- til móts
við nýja tíma**

Reykjavík, 8. febrúar 2013.

Efni: Beiðni um styrk að upphæð kr. 500.000

Ágæta sveitarstjórn.

Ritið Fíkniefni og forvarnir - handbók fyrir heimili og skóla sem gefið var út af Fræðslu og forvörnum (FRÆ) árið 2001 er nú uppuríð hjá útgefanda. Ritið hefur verið vinsælt upplýsingaefni meðal foreldra og annarra uppallenda og mikilvægt hjálparkæði þeim fjölmörgu sem vinna að stefnumótun og upplýsingastarfi í forvörnum; m.a. verið notað sem kennsluefni í Háskóla Íslands og framhaldsskólum.

Nú er unnið að nýrri og efnismeiri útgáfu þessa rits, Forvarnabókinni um ávana- og vímuefni, þar sem eldra efni er endurskoðuð og aukið og nýjum köflum bætt við. Auk útgáfu á hefðbundinn hátt á pappír (u.þ.b. 340 síður, myndskreytt í stóru broti) verður ritið aðgengilegt á **rafbókarformi** án endurgjalds á vefsíðu FRÆ til lesturs eða niðurhals. Með því að gera ritið aðgengilegt á netinu án þess að greiðsla komi fyrir kemur verkefnið öllum landsmönnum til góða, óháð búsetu.


Forvarnir verða okkur öll sem borgara og uppallendur. Með auknu vægi forvarna þar sem fleiri eru kallaðir til ábyrgðar og þátttöku en áður eykst þörf á vönduðum og traustum upplýsingum. Aukin áhersla er nú lögð á hlut foreldra og þeirra fjölmörgu sem starfa á **ábyrgð sveitarfélaga, s.s. starfsfólks skóla og starfsfólks í íþrótt- og frístundastarfi barna og ungmenna**. Starf þessara aðila þarf að treysta með vönduðum og áreiðanlegum upplýsingum sem skilar sér í aukinni þekkingu og færni og betri árangri. Þar hefur ritið Fíkniefni og forvarnir - handbók fyrir heimili og skóla komið að góðum notum.

Endurútgáfa þessa viðamikla rits og uppsetning þess í rafbókarformi á netinu er kostnaðarsöm. Af þeirri ástæðu leitum við til ykkar og annarra sveitarfélaga í landinu um styrk til þessa verkefnis. Með stuðningi sínum leggja sveitarfélögin sitt að mörkum til þess að forvarnir skili árangri og að til þeirra sé vandað eins og kostur er.

Við munum á næstu dögum leyfa okkur að hafa samband í síma til þess að kanna undirtektir við erindinu.


Með von um jákvæðar undirtektir og fyrirfram þökk fyrir veittan stuðning.

Fyrir hönd Fræðslu og forvarna, fræðslu- og upplýsingamiðstöðvar í forvörnum og heilsuefningu,



Ární Einarsson,
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi er kynningarbæklingur um útgáfu Forvarnabókarinnar.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	11.2.2013
Málsnr:	1302120
Bréfal:	252-1

 **FRÆ** FRÆÐSLA OG FORVARNIR

Brautarholti 4a | 105 Reykjavík | s 511 1588 | frae@forvarnir.is
Kt.: 410793-2109 | Banki 0342 - 26 - 1499

 **FRÆ20**
FRÆÐSLA OG FORVARNIR

www.forvarnir.is